

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald í Húnaþingi vestra fyrir árið 2003 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 8.500 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald á íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 2.650.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrár fyrir heimilis-sorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem var samin af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 30. janúar 2003, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 18. mars 2003, öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 6. október 2003.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.